

Skólaráðfundur 5. október 2021 – fundur á TEAMS

María Jónsdóttir skólastjóri, Alfreð Mariússon fulltrúi starfsmanna, Álfrún Ýr Björnsdóttir fulltrúi kennara, Þórey Huld Jónsdóttir fulltrúi foreldra, Jóna Margrét Harðardóttir fulltrúi foreldra, Sunna Sól Pálsdóttir fulltrúi nemenda, Stefán Guðmundsson fulltrúi nemenda.

Ritari: Ingunn Huld Kristófersdóttir aðstoðarskólastjóri.

Starfsáætlun:

Réttindaskólinn – snýr að lýðræði barna og er unnin með heimsmarkmið Unicef að leiðarljósi. Ásta Ingunn, kennari í 1. árg. sér um verkefnið ásamt Jónínu kennara í 4.árg.

Umbótaáætlun – niðurstöður úr Skólapúlsinn. Þau atriði sem koma yfir landsmeðaltali koma til umbóta. Skólinn skoðar með hvaða hætti hægt sé að vinna betur að þeim þáttum.

Eineltisáætlun: Ekki nógu skýrt með eineltisáætlun – vinnuferlið ekki nógu skýrt að mati nokkurra foreldra. Vinnuferlið er inni á heimsíðunni. Lagt til að einn fundur í vetur fari í yfirferð á eineltisáætlun. Eineltisáætlun er kynnt á fræðslufundi með 1. 5. og 8. árg., námskynningu árganga, í fréttabréfi til foreldra og vikupóstum frá kennurum.

Umbótapáttur: Væntingar foreldra til háskólanáms er langt yfir landsmeðaltali. Kynna fyrir nemendum iðnnám. Vatnsendaskóli er með val á elsta stigi í samstarfi við Tækniskólann. Einnig er unnið með list- og verkgreinar í Sprett og eru þær skylduval í 10. árg. Í 8. og 9. árg. eru list- og verkgreinar kenndar í smiðjuformi. Umræður um almennt iðnnám og flöskuhálsinn sem að myndast þar sem ekki nægt pláss er fyrir nemendum.

Börn um hegðunarvanda: hvað er gert? Tröð er eitt úrræði sem skólinn hefur. Umræður um hvað er sé gert innan skólans og hvernig sé staðið að hegðunarvanda nemenda. Skólinn leggur áherslu á að mæta nemandanum og koma honum út úr aðstæðum. Hegðunarvandi er unnin í samvinnu með foreldrum. skólinn vinnur eftir Uppeldi til ábyrgðar og verkfærakistu KVAN um jákvæða leiðtoga.

Starfsáætlun Stjörnuheima: Stjörnuheimar er með sér starfsáætlun og sér forstöðumaður Stjörnuheima um að útbúa hana. Starfsáætlun Stjörnuheima þarf ekki að samþykkja í skólaráði en er unnin í samvinnu við menntasvið Kópavogsbæjar. Lagt til að Ari, forstöðumaður Stjörnuheima kynni starfsáætlunina fyrir skólaráði í vetur.

Starfsáætlun Vatnsendaskóla er samþykkt af öllum fulltrúum sem mættir eru á fundinn.

Önnur mál:

Barna- og unglingaráð HK fundaði og vill að samtal milli skóla og íþróttafélags sé í gangi og að íþróttafélögin og skólinn vinni saman. Mikilvægt að samtalið sé uppbyggjandi og þannig úr garði gert til að hjálpa öllum nemendum.

Ekki gleyma litlu félögunum – mikilvægt að öll félög séu með.

Fundi slitið kl: 9:10